



Borgarráð

### **Samningur Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2024 - 2025**

Lagt er að borgarráð samþykki samning Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins fyrir 2024-2025 sem er í samræmi við samþykkt borgarráðs 13. febrúar 2023. Reykjavíkurborg veitir framlag til stofunnar samkvæmt rekstrargreiningu KPMG frá árinu 2022 en á stofnári stofunnar 2023 var framlagið 37% af rekstrargreiningu eða 23,3v m.kr. Á árinu 2024 skal það vera 78% eða 47 m.kr. af rekstrargreiningunni og vera svo orðið 100% fyrir árið 2025. Fjárframlagið skal tekið úr ramma Höfuðborgarstofu.

Greinargerð:

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins og er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stjórnvalda og atvinnugreinarinnar á svæðinu er kemur að ferðamálum. Samkvæmt skilgreiningu er áfangastaðastofa svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Virkt samstarf og samtal skal vera milli Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins á samningstímabilinu. Stofnanir á vegum sveitarfélagsins sem tengjast ferðamálum eru sjálfkrafa aðilar að stofunni s.s. ferða-, menningar- og íþróttastofnanir.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Samningur Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2024 – 2025, dags. 6. september 2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 6. desember 2023

Fundargerð 548. fundar stjórnar SSH, mánudaginn 12. desember 2022

Samþykktir (skipulagsskrá) fyrir Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses., dags. 3. apríl 2023

Samningur um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins, dags. 3. apríl 2023

# Samningur Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2024-2025

Reykjavíkurborg (kt.530269-7609) og Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins ses. (hér eftir stofan) (kt. 560523-1650), gera með sér eftirfarandi samning til tveggja ára (2024-2025).

## 1. gr. Forsendur

Forsendur samningsins eru:

- 548. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir SSH) þar sem kemur fram að „stjórn samþykki fyrir sitt leyti að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði sett á fót, til samræmis við fyrirliggjandi gögn og það sem kemur fram í fyrirliggjandi minnisblaði framkvæmdastjóra SSH frá 6. desember 2022. Á grundvelli þess er skrifstofu SSH falið að senda fyrirliggjandi samningsdrög ásamt fylgigögnum, til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaga ásamt ósk um að framkvæmdastjórum þeirra verði falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.“ (Sjá fylgiskjal 1, 548. fundargerð stjórnar SSH og minnisblað framkvæmastjóra SSH frá 6. desember 2023).
- Samþykktir (skipulagsskrá) um Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins frá 3. apríl 2023. Stofnendur stofunnar voru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) (kt. 681077-0819) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins (kt. 631288-2789) (Sjá fylgiskjal 2). Samningur við sveitarfélögin um stofuna var undirritaður á sama tíma og framlög voru greidd í júní fyrir allt árið 2023 (sjá fylgiskjal 3).

## 2. gr. Markmið og áherslur

Markmið samningsins er að þróa og markaðssetja áfangastaðinn sem heild. Sérstök áhersla er á efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur. Helstu áherslur eru eftirfarandi:

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkisvaldsins og stoðkerfisins.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífsins og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Að annast markaðs- kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku í greininni.
- Að vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins og er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stjórnvalda og atvinnugreinarinnar á svæðinu er kemur að ferðamálaum. Samkvæmt skilgreiningu er áfangastaðastofa: svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

## 3. gr. Samstarf og eftirfylgni

Virkt samstarf og samtal skal vera milli Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins á samningstímabilinu. Stofnanir á vegum sveitarfélagsins sem tengjast ferðamálaum eru sjálfkrafa aðilar

að stofunni s.s. ferða-, menningar- og íþróttastofnanir. Samstarfið og eftirfylgni byggir m.a. á eftirfarandi:

- *Árleg kynning fyrir SSH*  
Árleg kynning á störfum stofunnar fyrir stjórn SSH.
- *Árlegur fundur*  
Árlegri yfirferð um stöðu samningsins með bæjarstjóra/borgarstjóra og viðeigandi fulltrúum sveitarfélagsins.
- *Stjórn*  
Stjórn stofunnar telur 7 manna stjórn. SSH tilnefnir fjóra í stjórn stofunnar þar sem Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður eiga fast sæti en Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær skipta með sér fjórða sætinu og varamannasætum. Stjórn hittist að jafnaði mánaðarlega.
- *Stefnuráð*  
SSH tilnefnir í stefnuráð stofunnar sex fulltrúa sem telur í heild 12 fulltrúa. Hlutverk þess er að vera tengiliður milli stofnenda og samstarfsaðila Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfsemi til samræmis við það sem kveðið er á um í samþykktum hennar. Stefnuráðið hittist tvisvar sinnum á ári.
- *Faghópar*  
Reykjavíkurborg á fulltrúa (starfsmaður sveitarfélagsins) í faghópi sveitarfélaga á vegum stofunnar ásamt því að fulltrúar (starfsmenn) taka þátt í starfi stofunnar eins og við á s.s. faghópum um markaðsmál, þróun.
- *Ferðamálaþing*  
Árlega er haldið ferðamálaþing í tengslum við aðalfund sem er öllum opið og fulltrúar sveitarfélaganna hvort sem kjörnir eða starfsmenn þessu eru hvattir til þess að mæta og fylgjast með þróun og stöðu verkefna stofunnar.
- *Markaðsstofan*  
Tekur þátt í verkefnum tengdum ferðamálum eins og við á með sveitarfélaginu sé þess óskað t.d. við gerð ferðamálastefnu og umsókna í uppbyggingarsjóð ferðamála.

#### **4. gr. Fjárframlög**

Stofan fær fjárframlög frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, stjórnvöldum ásamt því að aðildarfélagar greiða sérstakt árgjald. Stofan skal einnig eftir fremsta megni leita annarra tekjuleiða, s.s. í gegnum innlend og erlend sér- og samstarfsverkefni .

Reykjavíkurborg veitir framlag til stofunnar samkvæmt rekstrargreiningu KPMG frá árinu 2022 en á stofnári stofunnar 2023 var framlagið 37% af rekstrargreiningu. Á árinu 2024 skal það vera 78% af rekstrargreiningunni og vera svo orðið 100% fyrir árið 2025. Taka skal mið af íbúahlutfalli og skal tekið mið af íbúafjölda frá 1. ágúst á síðastliðnu ári nema á fyrsta ári þá skal miðað við 1. janúar síðastliðins árs.

100% rekstraráætlun KPMG gerir ráð fyrir 107.064.000 kr. framlagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Launakostnaður stofunnar verður launavísitölubundinn aðrir kostnaðarliðir halda sér skv. áætlun. Fjárhagsáætlun stofunnar skal liggja fyrir í október lok ár hvert.

Framlag Reykjavíkurborgar yrði þá á árinu 2024:

			<b>2024</b> 78% af rekstrargreiningu KPMG
Íbúafjöldi sveitarfélaga	1.1.2023	Hlutfall	<b>83.509.920</b>
0000 Reykjavíkurborg	139.928	56,58%	47.250.486,6
1000 Kópavogsbær	39.817	16,10%	13.445.290,6
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4.673	1,89%	1.577.965,3
1300 Garðabær	18.890	7,64%	6.378.721,1
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	30.583	12,37%	10.327.179,9
1604 Mosfellsbær	13.416	5,42%	4.530.276,5
	247.307	100,00%	83.509.920

#### 5. gr. Greiðslufyrirkomulag

Framlag Reykjavíkurborgar skal greitt í tvennu lagi, þ.e. 50% skal greitt eigi síðar en 15. janúar 2024 og 50% eigi síðar en 15. júní 2024 og sama á fyrir árið 2025, 15. janúar, 50% og 15. júní, 50%.

#### 6. gr. Vanefndir

Telji annar samningsaðili að hinn aðilinn uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur hann gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Reykjavíkurborg er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli stofan ekki skyldur sínar um samstarf og áherslur samkvæmt samningi þessum. Sé um verulegar vanefndir að ræða getur samningsaðili sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

#### 7. gr. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir til 31. desember 2025. Samningsaðilar hefja endurskoðun samnings eigi síðar en sex mánuðum fyrir samningslok.

#### 8. gr. Lögsaga

Ef upp kemur ágreiningur um samning þennan skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sín á milli. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi eru gerður í tveimur jafngildum eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Reykjavíkurborg, 6. september 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

\_\_\_\_\_  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Reykjavíkurborg

\_\_\_\_\_  
Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri  
Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins



## MINNISBLAÐ

<b>TIL:</b>	STJÓRNAR SSH.
<b>FRÁ:</b>	PÁLI BJÖRGVINI GUÐMUNDSSYNI.
<b>EFNI:</b>	VEGNA UMRÆÐU UM STOFNUN ÁFANGASTAÐASTOFU.
<b>DAGS:</b>	6. DESEMBER 2022.

Á stjórnarfundi SSH 5. desember var ákveðið að óska eftir frekari svörum varðandi nokkra þætti sem komið hafa upp í umræðunni.

- 1) **Er hægt að lækka rekstrarkostnað frá því sem fram kom í rekstrargreiningu KPMG? Svarið er já.** Rætt hefur verið um að á árinu 2023 verði framlag sveitarfélaganna til stofunnar um 37% af heildarkostnaðaráætlun rekstrargreiningar KPMG og á árinu 2024 og eftir það verði framlagið 78% af heildarrekstrargreiningu KPMG. Styrkur frá Ferðamálastofu liggur ekki fyrir vegna ársins 2023 vegna þess að stofan verður ekki stofnuð fyrr en á árinu 2023. Líklegt er þó að a.m.k. helmingur af árlegu framlagi muni skila sér til stofunnar árið 2023.

Tekjur	Hlutfall íbúa	37% af KPMG	78% af KPMG	Rekstraráætlun KPMG	Hlutfall
		2023	2024 - Tillaga	2024 KPMG	2024
<b>Heildarkostnaður rekstrargreiningar KPMG</b>		<b>39.590.000</b>	<b>83.509.920</b>	<b>107.064.000</b>	
Reykjavík	56,33	22.301.047	47.041.138	60.309.151	
Kópavogur	16,29	6.449.211	13.603.766	17.440.726	
Hafnarfjörður	12,35	4.889.365	10.313.475	13.222.404	
Garðabær	7,66	3.032.594	6.396.860	8.201.102	
Mosfellsbær	5,41	2.141.819	4.517.887	5.792.162	
Seltjarnarnes	1,96	775.964	1.636.794	2.098.454	69%
Framlag fyrirtækja		5.600.000	14.940.000	14.940.000	12%
Áætlaður afgangur verkefnis 2022 + sóknaráætlun 2023		9.000.000	0	0	
Styrkur frá ferðamálastofu		??	22.000.000	22.000.000	18%
		<b>54.190.000</b>	<b>120.449.920</b>	<b>144.004.000</b>	<b>100%</b>

- 2) **Mun hlutfall fyrirtækja í rekstrinum aukast til framtíðar? Svarið er já. Gert er ráð fyrir því.** Áætlað er að framlag sveitarfélaganna til rekstursins verði um 69% á árinu 2024. Stefnt er að því að þátttaka fyrirtækjanna aukist eftir því sem starfsemi stofunnar öðlast meiri sess. Stofnunin gæti t.d. sett sér það markmið að hlutdeild fyrirtækja í kostnaði stofunnar verði um 25% að þremur árum liðnum. Yrði það á höndum stjórnar stofunnar að setja sér frekari markmið í þessu efni, ná til fyrirtækja eða afla aukinna tekna með öðrum hætti.
- 3) **Verður skipað í stjórn eftir stærð sveitarfélaganna? Svarið er já.** Fyrir liggja drög að samstarfssamningi um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Í þeim drögum er lagt til að áfangastaðastofan verði rekin sem sjálfeignarstofnun á grundvelli laga nr. 33/1999 og stofnendur verði SSH og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Eins og komið hefur fram í umræðum í stjórn SSH yrði stjórn skipuð sjö einstaklingum, þannig að stjórn SSH tilnefni fjóra einstaklinga og tvo til vara en ferðamálasamtökin tilnefni tvo og einn til vara. Verður lagt til að Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður hafi fast sæti í stjórninni. Síðan muni Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær skipta með sér fjórða sætinu og varamannasætum. Nánari útfærsla yrði í samþykktum (skipulagsskrá) stofnunarinnar.
- 4) **Geta sveitarfélögin sagt sig frá stofunni ef markmið hennar ná ekki fram að ganga? Svarið er já.** Fyrirliggjandi samningsdrög fjalla eingöngu um framlag sveitarfélaga vegna ársins 2023, þ.e. stofnframlag. Fela þau ekki í sér skuldbindingu um framlag til framtíðar. Er samt mikilvægt að sveitarfélög skuldbundi sig til að greiða framlög til stofunnar til ákveðins tíma til að tryggja stöðuleika



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

í starfsemi hennar. Er lagt til að samningar sveitarfélaganna við sjálfseignarstofuna, þegar henni verður komið á fót, verði gerðir til tveggja til þriggja ára í senn.

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**548. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 12. desember 2022  
og hófst hann kl. 11:15.**

**Fundinn sátu:**

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

**1. Stofnun Áfangastaðastofu - 2209012**

Umræðum um þennan lið var frestað á 547. fundi stjórnar 5. desember sl. Eftirfarandi kemur fram í fundargerð þess fundar:

"Eftirfarandi var bókað í fundargerð 545. fundar en áframhaldandi umræðum á 546. fundi var frestað:

"Stjórn samþykkir að leggja til við sveitarfélögin að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði stofnuð og taki til starfa frá og með næstu áramótum. Starfsemin verði byggð upp á árinu 2023 og verði komin í endanlega starfsemi í upphafi árs 2024 m.v. tillögur fyrirbyggjandi rekstrargreiningar KPMG. Lagðar eru fram á fundinum hugmyndir að framgangi og umfangi verkefnisins á árinu 2023 og áætluðum framlögum sveitarfélaganna á hinu fyrsta starfsári.

Verkefnastjóra í samráði við framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu og leggja fram innleiðingar- og kostnaðaráætlun á næsta reglulega fundi stjórnar SSH í nóvember. Í framhaldi af því fari málið til endanlegrar umræðu og efnislegrar meðferðar hjá sveitarfélögunum.

Er skrifstofu SSH nú falið að senda bókun stjórnar til kynningar hjá sveitarfélögunum ásamt því að fjármálastjórum sveitarfélaganna verði jafnframt kynnt áætlað fjárhagslegt umfang verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna 2023."

Í þeim tilgangi að stofna Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins hafa nú verið unnin drög að samningi milli sveitarfélaganna og Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins um stofnun sjálfseignarstofnunar, þar sem m.a. kemur fram hver fjárframlög sveitarfélaganna á árinu 2023 verði vegna þessa verkefnis, og hve margir skipi stjórn og stefnuráð. Er jafnframt lagt til að SSH verði, á grundvelli þess samnings, falið að vinna áfram að stofnsamþykktum sjálfseignarstofnunarinnar en stofnfundur fari fram sem fyrst á nýju ári, og eigi síðar en 15. mars.

Umræðum um þennan lið er frestað. Skrifstofu SSH er þó falið að fara yfir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

fjárhagsáætlun til framtíðar litið, og hvernig kostnaðarskipting milli aðila geti verið. Jafnframt verði tekið fram í fyrirliggjandi samningsdrögum að þrjú fjölmennustu sveitarfélögin eigi fasta fulltrúa í stjórn stofunnar.

Málið verði tekið fyrir að nýju á sérstökum aukafundi stjórnar eftir viku."

**Niðurstaða:**

*Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði sett á fót, til samræmis við fyrirliggjandi gögn og það sem fram kemur í fyrirliggjandi minnisblaði framkvæmdastjóra SSH frá 6. desember 2022. Á grundvelli þess er skrifstofu SSH falið að senda fyrirliggjandi samningsdrög, ásamt fylgigögnum, til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaga ásamt ósk um að framkvæmdastjórum þeirra verði falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.**



**Samþykktir (skipulagsskrá)**  
Fyrir Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.

1. gr.

**Heiti**

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins ses. ~~Hjáheiti stofnunarinnar er Visit Reykjavík.~~

2. gr.

**Heimilisfang**

Heimilisfang Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. er að Hamraborg 9, 200 Kópavogi.

3. gr.

**Tilgangur og verkefni**

Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á höfuðborgarsvæðinu með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjaldeyrstekjur á höfuðborgarsvæðinu. Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa. Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkisvaldsins og stoðkerfisins. Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni. Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar. Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi. Að annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku í greininni. Að vera málsvari og samnefari fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofnunin verður áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins.

4. gr.

**Stofnendur**

Stofnendur stofnunarinnar eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) kt. 681077-0819, f.h. aðildarsveitarfélaga sinna, og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins kt. 631288-2789.

5. gr.

**Stofnfé**

Stofnfé stofnunarinnar er 1.500.000/einmilljónogfimmhundruðþúsund kr., sem er framlag stofnenda félagsins og skiptist svo:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kt. 681077-0819: 1.000.000/einmilljón kr.

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins kt. 631288-2789: 500.000/fimmhundruðþúsund kr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.



6.gr.

### **Tekjur og aðildarfyrirtæki**

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

- a) Framlög ríkis og sveitarfélaga
- b) Árgjöld aðildarfyrirtækja
- c) Vaxtatekjur
- d) Styrkir, framlög og gjafir sem stofnuninni kunna að berast.
- e) Aðrar tekjur

Öll starfandi ferðaþjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu geta fengið aðild að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. Það er skilyrði aðildar að viðkomandi ferðaþjónustufyrirtæki hafi öll tilskilin leyfi frá Ferðamálastofu og öðrum yfirvöldum til rekstrar í atvinnugreininni.

Sérstakt árgjald skal innheimt af þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem óska eftir aðild. Stjórn skal setja gjaldskrá um aðildargjöld fyrirtækja og skal miða við hlutlæga mælikvarða, s.s. ársverk fyrirtækja eða veltu, þannig að aðildargjöld fari stighækkandi eftir því sem ársverk eru fleiri eða velta hærri. Vægi atkvæðis hvers fyrirtækis á aðalfundi, sbr. 10. gr., skal þá taka mið af fjárhæð árgjalds, samkvæmt nánari útlistun í gjaldskrá.

Gert er ráð fyrir að stjórn skilgreini frekar í gjaldskrá hvað felst í aðild að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses., en meðal þess sem skal innifalið í aðildargjaldi er kynning á aðildarfyrirtækjum á vefsvæði Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses., sýningum og vinnusmiðjum, leiðbeiningar og upplýsingagjöf af hálfu starfsfólks stofnunarinnar og afsláttur af þátttökugjöldum vegna viðburða á vegum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. Gert er ráð fyrir að aðildarfyrirtæki verði þá þátttakendur í samstilltu átaki sem miði að því að auka veg höfuðborgarsvæðisins sem áfangastaðar við markaðssetningu Íslands. Haldin skal félagaskrá um aðildarfyrirtæki og atkvæðamagn þeirra.

Framlög sveitarfélaganna skulu ákvörðuð til samræmis við samninga þeirra við stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. Vægi atkvæðis hvers sveitarfélags á aðalfundi, sbr. 10. gr., skal taka mið af fjárhæð framlags, samkvæmt hlutlögum mælikvörðum sem er þá getið í umræddum samningum.

7.gr.


### **Stjórn og stjórnarkjör**

Stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. skal skipuð sjö einstaklingum og þremur til vara. Stjórnarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélag, einkahlutafélag, samvinnufélag, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi

Skulu fjórir stjórnarmanna, auk tveggja til vara, tilnefndir af SSH. SSH skal tilnefna aðila með þeim hætti að Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður séu með fast sæti í stjórninni. Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær skipta með sér fjórða sætinu og varamannasætum. Skal einn þeirra stjórnarmanna sem sveitarfélögin tilnefna gegna formennsku í stjórn. Miðað skal við að fulltrúar SSH sitji í stjórn í tvö ár hið minnsta. Tilnefning SSH til stjórnar skal berast Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. a.m.k. viku fyrir aðalfund ár hvert.

Til fyrstu stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. skulu þrjú stjórnarmenn, auk eins varamanns, tilnefndir af Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins og skal einn þeirra vera varaformaður. Gildir sú tilnefning fram að fyrsta aðalfundi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sbr. 6. mgr.

Fyrsta stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. er kjörin á stofnfundi samkvæmt framansögðu.



Á aðalfundi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. ár hvert skal tilnefning skv. 2. mgr. staðfest.

Jafnframt skal á aðalfundi ár hvert kjósa um þrjá einstaklinga í stjórn, og einn til vara. Skal einn þeirra vera varaformaður.

Þeir einir geta boðið sig fram til kjörs í stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. sem eiga og/eða eru í fyrirsvari fyrir ferðapjónustufyrirtæki sem jafnframt hefur félagsaðild að stofunni og greiðir aðildargjöld til samræmis við 2.- 4. mgr. 6. gr. Viðkomandi skuldbindur sig og fyrirtæki sitt til aðildar að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. meðan á kjörtímabilinu stendur. Framboð þarf að hafa borist Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. að lágmarki viku fyrir aðalfund.

Innan þeirra marka sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 7. gr. skiptir stjórn sjálf með sér verkum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses., til samræmis við stofnsamþykktir þessar, og kemur ásamt framkvæmdastjóra fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina. Þá er stjórn heimilt að skipa sérstaka fag-, verkefna- eða ráðgjafarhópa, teljist það nauðsyn vegna starfseminnar eða einstakra verkefna.

Þóknun stjórnarmanna skal ekki vera hærrí en venjulegt er miðað við eðli og umfang starfsins. Stofnfundur ákvarðar laun stjórnar og skal þess getið í stofnfundargerð. Stjórn skal þá leggja fram tillögur um launakjör sín og eftir atvikum breytingar á þeim fyrir aðalfund ár hvert, sbr. 10. gr.

#### 8. gr.

##### *Stjórnarfundir*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og skal boða fundi með a.m.k. viku fyrirvara nema óvenjulegar aðstæður kalli á annað. Þá skulu öll nauðsynleg fundargögn berast a.m.k. tveimur dögum fyrir fund. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði á jöfnu við afgreiðslu stjórnar skal atkvæði formanns ráða. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 9. gr.

##### *Stefnuráð*

Stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. skal skipað 12 einstaklingum.

Skulu sex þeirra ávallt tilnefndir af SSH og skal tilnefning þeirra liggja fyrir, og vera staðfest á stofnfundi. Þaðan í frá skal tilnefning fulltrúa SSH til stefnuráðs Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. berast Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. a.m.k. viku fyrir aðalfund ár hvert og skal hún staðfest á aðalfundi.

Skulu sex þeirra tilnefndir af Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins og skal tilnefning þeirra liggja fyrir, og vera staðfest á stofnfundi. Gildir sú tilnefning fram að fyrsta aðalfundi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sbr. 4. mgr.

Á aðalfundi ár hvert skal kjósa um sex einstaklinga í stefnuráð. Þeir einir geta boðið sig fram til kjörs í stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. sem eiga og/eða eru í fyrirsvari fyrir ferðapjónustufyrirtæki sem jafnframt hefur félagsaðild að stofunni. Viðkomandi skuldbindur sig og

*SSH*  
*Stjórn*  
*Stjórn*  
*Stjórn*

fyrirtæki sitt til aðildar að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. meðan á kjörtímabilinu stendur. Framboð þarf að hafa borist Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. að lágmarki viku fyrir aðalfund.

Hlutverk stefnuráðs er að vera tengiliður milli stofnenda og samstarfsaðila Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfsemi til samræmis við það sem kveðið er á um í samþykktum þessum. Gert er ráð fyrir að stefnuráð fundi að lágmarki tvisvar á ári, einu sinni að vori, og einu sinni í aðdraganda aðalfundar, sbr. 10. gr.

Á fundum stefnuráðs skal eftirfarandi tekið fyrir:

- a) Ársreikningur skal lagður fram til kynningar.
- b) Tillaga stjórnar að starfs- og fjárhagsáætlun, þ.á.m. gjaldskrá skv. 2. mgr. 3. gr. skal tekin til umræðu.
- c) Tillaga stjórnar að áfangastaðaáætlun, skal tekin til umræðu.
- d) Önnur mál sem stjórn ákveður að bera upp við stefnuráð eða einstakir stefnuráðsfulltrúar óska umræðu um.

Framkvæmdastjóri og stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. eiga rétt til setu á fundum stefnuráðs og hafa þar mál- og tillögufrelsi án atkvæðisréttar.

Formaður stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. boðar til fundar stefnuráðs og skal boða fundi með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá skulu öll nauðsynleg fundargögn berast a.m.k. tveimur dögum fyrir fund. Skyld er að halda fund stefnuráðs krefjist a.m.k. þrjú fulltrúar í stefnuráði þess.

Fundir stefnuráðs eru lögmatir ef meirihluti ráðsmanna sækir fund. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á fundum stefnuráðs.

10. gr.

#### *Aðalfundur:*

Aðalfund Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. skal halda eigi síðar en 30. október ár hvert.

Stjórn skal boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Skulu dagskrá og fundargögn aðalfundar vera aðgengileg fulltrúum á aðalfundi eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Seturétt á aðalfundi með mál- og tillögufrelsi eiga:

- a) Stjórn og stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.
- b) Framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.
- c) Stjórnarmenn og lykilstjórnendur aðildarfyrirtækja að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.
- d) Stjórnarmenn Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins.
- e) Framkvæmdastjórar og kjörnir fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem greiða framlag til stofnunarinnar.
- f) Framkvæmdastjóri SSH.

Atkvæðisréttur á aðalfundi er með eftirfarandi hætti:

- a) Aðildarfyrirtæki að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. (kennitala greiðanda gildir) hafa atkvæðisrétt en um vægi atkvæða fer samkvæmt gjaldskrá sem sett verður til samræmis við 2.- 4. mgr. 6. gr. Skal fyrirsvarsmaður slíks fyrirtækis tilkynna Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses., a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund, hvaða einstaklingur fari með atkvæðisrétt þess á aðalfundi. Með fyrirsvari er til dæmis átt við stjórnarformann, framkvæmdastjóra og rekstrarstjóra eða aðra lykilstjórnendur sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins. Heimilt er aðildarfélagi að láta umboðsmann sækja aðalfund fyrir sína hönd, en umboðsmaður getur þó ekki farið með nema atkvæði eins aðildarfélags auk atkvæðis

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "DE", "Pinn", and "R50".

- Þess er hann sjálfur hefur. Umboð til fundarsóknar skal vera skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða og skal það undirritað af fyrirsvarsamanni aðildarfélags.
- b) Þegar um kjör til stjórnar skv. 6. mgr. 7. gr. og stefnuráðs skv. 4. mgr. 9. gr. er að ræða skulu fulltrúar aðildarfyrirtækja að stofnunni skv. a) lið einir hafa atkvæðisrétt.
  - c) Framkvæmdastjórar þeirra sveitarfélaga sem greiða framlag til Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. fara með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra er heimilt að framselja atkvæðisrétt sinn á aðalfundi til kjörins fulltrúa í viðkomandi sveitarstjórn, enda berist Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. tilkynning þess efnis eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Vægi atkvæða einstakra sveitarfélaga fer eftir samningum sem gerðir eru á grundvelli 5. mgr. 6. gr.
  - d) Þegar um staðfestingu tilnefningar til stjórnar skv. 5. mgr. 7. gr. og stefnuráðs skv. 2. mgr. 9. gr. er að ræða skulu framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, eða þeir sem þeir veita umboð, skv. c) lið einir hafa atkvæðisrétt.
  - e) Um vægi einstakra atkvæða fer til samræmis við 2. - 5. mgr. 6. gr. en heildaratkvæðavægi skal, í öðrum málum en varða b) og d) lið skiptast jafnt milli aðildarfyrirtækja annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

Eftirtaldir liðir skulu vera á dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar um liðið starfsár lögð fram til kynningar og umræðu.
- b) Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár lagðir fram til kynningar.
- c) Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
- d) Áfangastaðaáætlun lögð fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
- e) Stjórnarskipti
  - 1. Staðfesting tilnefningar fjögurra aðalmanna og tveggja til vara skv. 5. mgr. 7. gr.
  - 2. Kjör þriggja aðalmanna og eins til vara skv. 6. mgr. 7. gr.
- f) Stefnuráð
  - 1. Staðfesting tilnefningar sex einstaklinga í stefnuráð sbr. 2. mgr. 9. gr.
  - 2. Kjör sex einstaklinga í stefnuráð sbr. 4. mgr. 9. gr.
- g) Tillaga um launakjör stjórnar, sbr. 10. mgr. 7. gr. lögð fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
- h) Önnur mál sem stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. eða stefnuráð óska eftir að tekin verði til umræðu á aðalfundi.

Óski fulltrúar á aðalfundi þess að leggja tiltekin mál fyrir fundinn þarf skrifleg beiðni þess efnis að berast Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund. Sé það mat stjórnar að ekki sé rétt að taka umrætt mál eða tillögu til umræðu á aðalfundi skal það tilkynnt viðkomandi fulltrúa með skriflegum hætti a.m.k. tveimur dögum fyrir boðaðan aðalfund.

11. gr.


#### **Framkvæmdastjóri**

Stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri sér um ráðningu annars starfsfólks. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

12. gr.

#### **Endurskoðandi**

Stjórn stofnunarinnar skal kjósa löggiltan endurskoðanda, eða endurskoðunarfélag, til að yfirfara reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.



13. gr.

**Reikningsárið**

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur sbr. 12. gr. eigi síðar en 31. mars ár hvert.

14. gr.

**Hagnaður/tap**

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykkt þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

15. gr.

**Breyting samþykkt, slít og sameining**

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Með tillögur um slít og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

16. gr.

**Gildissvið**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.


Samþykkt á stofnfundi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. í Kópavogi 3. apríl 2023.

*Undirritað og samþykkt af hálfu stjórnar og stofnaðila, Kópavogi, 3. apríl 2023:*


Stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.:

  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar

  
Elísabet Sveinsdóttir

  
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir

  
Rannveig Grétarsdóttir

  
Jakob Einar Jakobsson



---

Sævar Birgisson




---

Eva Josteinsdóttir

Stofnendur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.:

F.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kt. 681077-0819,



---

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

F.h. Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, kt. 631288-2789,




---

Þórir Garðarsson formaður stjórnar

# Samningur

## Um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins



RE  
AG AM  
Paula  
RAH



Sveitarfélögin Garðabær (kt. 570169-6109), Hafnarfjörður (kt. 590169-7579), Mosfellsbær (kt. 470269-5969), Kópavogur (kt. 700169-3759) Reykjavíkurborg (kt. 530269-7609) og Seltjarnarnesbær (kt. 5602692429) ásamt Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) (kt. 681077-0819) og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins (kt. 6312882789) gera með sér samning um eftirfarandi:

## 1. gr. Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verður stofnuð á árinu 2023. Unnið hefur verið að verkefninu frá upphafi árs 2021 og skrifaði samstarfsvettvangur um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið í upphafi árs 2022 undir samstarfsamning en þar voru helstu verkefni:

- *Að vinna áfangastaðáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn og aðgerðaráætlun (til 3-5 ára).*
- *Að greina tölfæræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn.*
- *Að móta og byggja upp samstarfið.*
- *Að byggja upp samstarf við þátttakendur/fyrirtæki.*
- *Að undirbúa stofnun áfangastaða – og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið.*

Tilgangur og markmið eru enn þau sömu og dregin voru fram í samningi samstarfsvettvangsins:

- *Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.*
- *Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.*
- *Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastadarins í alþjóðlegri samkeppni.*
- *Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.*
- *Að styrkja stöðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir COVID19.*

SSH ásamt verkefnastjóra verkefnis um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið, í samráði við ráðgjafahóp verkefnisins, undirbýr stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins til samræmis við ákvæði samnings þessa, þ.m.t. samþykktir (skipulagsskrá) og undirbúning stofnfundar.


Miðað skal við að stofnfundur skuli haldinn eigi síðar en 15. mars 2023. Í áætlunum um starfsemina er gert ráð fyrir að einn starfsmaður, þá væntanlega framkvæmdastjóri, verði ráðinn strax við stofnun stofunnar og að um mitt ár 2023 verði ráðnir tveir starfsmenn til viðbótar og formleg starfsemi hafin. Framtíðaráætlanir gera þá ráð fyrir að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði komin í fulla starfsemi á árinu 2024 en þá verði tveir starfsmenn til viðbótar ráðnir til starfa.

## 2. gr. Rekstrar- og stjórnarfyrirkomulag

Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins skal vera rekin sem sjálfseignarstofnun á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Stofnendur skulu vera SSH, fyrir hönd sveitarfélaganna, og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Stofnendur greiða stofnfé, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/1999, og skiptist það svo að SSH leggja til 1.000.000 kr. og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins 500.000 kr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð sjö einstaklingum og þremur til vara. Skulu fjórir stjórnarmanna, auk tveggja til vara, tilnefndir af SSH. Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður eru með fast sæti í stjórninni. Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær skipta með sér fjórða sætinu og varamannasætum. Skal einn þeirra stjórnarmanna sem sveitarfélögin tilnefna gegna formennsku í stjórn. Þrír stjórnarmenn, auk eins varamanns, skulu vera tilnefndir af Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins og skal einn þeirra vera varaformaður.

Þá er gert ráð fyrir fulltrúaráði (stefnuráði), sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 33/1999. Skal nánar kveðið á um hlutverk þess í samþykktum en gert er ráð fyrir að það sé m.a. tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgist með rekstri stofnunarinnar og hafi eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri ráða málum hennar, þar með töldum fjármálum. Er gert ráð fyrir að 12 einstaklingar skipi fulltrúaráð og skulu 6 þeirra skipaðir af SSH en 6 af Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins.



Ah  
[Handwritten signatures and initials]

### 3. gr. Fjármögnun

Miðað við ofangreindar forsendur, þ.e. að starfsemi áfangastaðastofu verði byggð upp á árinu 2023 og að fullri starfsemi verði komið á árinu 2024, er gert ráð fyrir að heildarkostnaður sem skiptist milli sveitarfélaganna á árinu 2023 nemi 39.590.000 kr., og er þar miðað við tiltekið hlutfall, eða 37%, af kostnaði við fulla starfsemi samkvæmt fyrirbyggjandi rekstrargreiningu KPMG. Kostnaðarskipting sveitarfélaganna byggir á hlutfalli af íbúafjölda, sbr. neðangreinda töflu:


Kostnaður sveitarfélaga árið 2023	Hlutfall íbúa	Upphæð
Reykjavík	56,33	22.301.047
Kópavogur	16,29	6.449.211
Hafnarfjörður	12,35	4.889.365
Garðabær	7,66	3.032.594
Mosfellsbær	5,41	2.141.819
Seltjarnarnes	1,96	775.964
	100	39.590.000

Framlag sveitarfélaganna samkvæmt framansögðu skal greitt í tvennu lagi, þ.e. 50% skal greitt eigi síðar en 1. febrúar 2023 og 50% eigi síðar en 1. júlí 2023.


Samningur þessi er gerður í tveimur jafngildum eintökum og skal annað þeirra til varðveislu hjá SSH en hitt hjá Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins.

Reykjavík, 3. apríl 2023,


F.h. Garðabæjar

  
Almar Guðmundsson bærarstjóri


F.h. Seltjarnarnesbæjar

  
Þór Sigurgeirsson bærarstjóri


F.h. Hafnarfjarðarbæjar

  
Rósa Guðbjartsdóttir bærarstjóri


F.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri


F.h. Kópavogsbæjar

  
Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri

F.h. Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins


  
Þórir Garðarsson formaður stjórnar

F.h. Mosfellsbæjar

  
Regína Asvaldsdóttir bærarstjóri

F.h. Reykjavíkurborgar

  
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



AK #5